# LANDSBANKI ÍSLANDS

## SEÐLABANKINN

REIKNINGAR

1957

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

# Um reikninga bankans

**SEÐLABANKINN.** Á árinu 1957 voru gerðar veigamiklar breytingar á lögum og skipulagi Landsbanka Íslands. Hinn 29. maí voru gefin út lög nr. 33/1957, um breytingu á lögum Landsbanka Íslands nr. 10 frá 15. apríl 1928. Lagabreytingar þessar voru síðan felldar inn í eldri lögin og gefin út ný heildarlög um Landsbanka Íslands nr. 63 25. júní 1957.

Með hinum nýju lögum var stjórn Landsbankans breytt allverulega, einkum var tilgangur laganna að greina frekar sundur stjórn og starfsemi Seðlabankans og sparisjóðsdeildarinnar, sem nú fékk nafnið Viðskiptabanki. Yfir Seðlabankann var sett sérstök stjórn, skipuð fimm mönnum, aðalbankastjóra, bankastjóra og þremur meðstjórnendum. Samkvæmt lögunum heyrir veðdeild og stofnlánadeild undir Seðlabankann.

Þegar eftir útkomu laganna nr. 33/1957 var kjörið í bankaráð, og kom það til fundar í byrjun júní, og voru þá ráðnar framkvæmdastjórnir Seðlabankans og Viðskiptabankans og gerðar aðrar ráðstafanir til þess að koma stjórn bankans í það horf, er lögin mæla fyrir. Skal nú gerð grein fyrir helztu breytingum, sem orðið hafa á reikningum Seðlabankans á árinu.

Í lok júnímánaðar var innstæða veðdeildarinnar hjá sparisjóðsdeildinni flutt yfir á reikninga Seðlabankans, en inneign veðdeildarinnar nam þá 4,5 millj. kr. Hinn 1. október var viðskiptareikningur Viðskiptabankans (áður sparisjóðsdeildarinnar) felldur niður sem sérliður af reikningum Seðlabankans, en eftir það fóru viðskipti Viðskiptabankans um sérstakan hlaupareikning, sem talinn er með öðrum reikningum banka og sparisjóða á reikningum Seðlabankans. Einnig voru þá aðgreind erlend viðskipti Seðlabankans og Viðskiptabankans, og voru allmargir reikningar erlendra viðskiptabanka fluttir af reikningum Seðlabankans yfir á reikninga Viðskiptabankans, en alls námu

nettóskuldir á þessum reikningum tæpum 6 millj. kr., þegar breytingin fór fram. Loks var liðurinn gjaldeyrisinnstæða sparisjóðsdeildar lagður niður.

Á árinu 1957 hækkaði aðalupphæð efnahagsreiknings Seðlabankans um 89,4 millj. kr. og nam í árslokin 1.104,3 millj. kr. Hækkun þessi á einkum rót sína að rekja til aukinna endurkaupa afurðavíxla, en einnig varð aukning á erlendum liðum, skuldum ríkissjóðs og ríkisstofnana og lánum til banka og sparisjóða. Hins vegar varð lækkun á lánum gegn verðbréfum. Verður nú gerð nánari grein fyrir helztu breytingum á reikningsliðum bankans á árinu.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldeyrisliði á reikningum bankans í árslok 1955, 1956 og 1957.

| | *1955* | *1956* | *1957* |
|---|---|---|---|
| Erlendar eignir | 204,9 | 153,2 | 148,5 |
| Ónotað lánsfé | — | 65,4 | 90,9 |
| Gjaldeyriseign samtals | 204,9 | 218,6 | 239,4 |
| Erlendar skuldir | 139,6 | 133,1 | 186,4 |
| E.P.U.-skuld | 85,5 | 89,1 | 86,9 |
| Gjaldeyrisskuld samtals | 225,1 | 222,2 | 273,3 |
| Nettógjaldeyriseign | ÷ 20,2 | ÷ 3,6 | ÷ 33,9 |
| Árshreyfingar | ÷114,7 | + 16,6 | ÷ 30,3 |

Samkvæmt yfirlitinu hefur gjaldeyrisstaða bankans versnað um 30 millj. kr. á árinu 1957, en þá er með talið í sérstökum lið lánsfé frá Export-Import bankanum, sem ónotað var í árslok, en 81,3 millj. kr. lán var tekið rétt fyrir áramótin. Ef lánsféð hjá Export-Import bankanum er frá talið, kemur í ljós, að gjaldeyrisstaða Seðlabankans hefur versnað um 56 millj. kr. á árinu 1957, en um 49 millj. kr. árið áður. Á reikningum bankans er hið ónotaða lán, sem tekið var árið 1957, talið með erlendum víxlum.

Erlend verðbréfaeign bankans hækkaði um 0,6 millj. kr. á árinu. Í árslokin átti bankinn 3,7 millj. dollara í bandarískum verðbréfum, og eru það að mestu verðbréf Alþjóðabankans. Einnig átti hann þá 200 þús. pund í brezkum og 9 millj. kr. í sænskum ríkisskuldabréfum.

Hlaupareikningsskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana urðu hæstar 219,9 millj. kr. í júlílok, en námu 135,6 millj. kr. í lok ársins og höfðu

**1. tafla. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans í árslok 1955 og 1956 og í hver mánaðarlok 1957.**

| *Í þús. kr.* | *Eignir* | *Skuldir* | *E.P.U.-skuld* | *Nettó-gjaldeyriseign* |
|---|---|---|---|---|
| 1955 ............ | 204.903 | 139.582 | 85.516 | ÷ 20.195 |
| 1956 ............ | 218.594 | 133.124 | 89.099 | ÷ 3.629 |
| 1957: | | | | |
| Janúar ........ | 223.271 | 107.656 | 87.682 | ÷ 27.933 |
| Febrúar ....... | 232.130 | 126.218 | 88.041 | ÷ 17.871 |
| Marz .......... | 219.515 | 152.957 | 88.953 | ÷ 22.395 |
| Apríl .......... | 234.341 | 149.935 | 86.917 | ÷ 2.511 |
| Maí ........... | 231.575 | 143.559 | 87.471 | 545 |
| Júní ........... | 213.681 | 152.339 | 88.382 | ÷ 27.040 |
| Júlí ........... | 166.368 | 171.995 | 88.155 | ÷ 93.782 |
| Ágúst .......... | 201.896 | 173.797 | 86.542 | ÷ 58.443 |
| September ..... | 165.422 | 185.058 | 86.119 | ÷105.755 |
| Október ....... | 148.960 | 180.970 | 84.767 | ÷116.777 |
| Nóvember ...... | 144.272 | 168.471 | 86.542 | ÷110.741 |
| Desember ...... | 239.424 | 186.371 | 86.949 | ÷ 33.896 |

því hækkað um 20,9 millj. kr. frá árslokum 1956. Skuld á aðalviðskiptareikningi hækkaði um 18,5 millj. kr. á árinu. Þess skal getið, að andvirði Export-Import banka lánsins, sem áður getur, var að mestu notað fyrir árslok til að greiða niður skuldir ríkissjóðs í Seðlabankanum. Alls fóru 61,2 millj. kr. inn á aðalviðskiptareikning ríkissjóðs, en 13,5 millj. kr. inn á aðra reikninga hans.

**2. tafla. Mótvirðissjóður og inneign banka, sparisjóða og Viðskiptabankans í Seðlabankanum í árslok 1955 og 1956 og í hver mánaðarlok 1957.**

| *Í þús. kr.* | *Mótvirðissjóður að meðtöldum lokuðum reikningum Framkvæmdabankans* | *Inneignir banka og sparisjóða* | *Inneign Viðskiptab.* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|
| 1955 ................. | 193.746 | 16.348 | 11.211 | 221.305 |
| 1956 ................. | 190.413 | 50.014 | 18.743 | 259.170 |
| 1957: | | | | |
| Janúar ............ | 190.413 | 52.103 | 16.620 | 259.136 |
| Febrúar ........... | 183.831 | 55.946 | 19.991 | 259.768 |
| Marz ............... | 183.831 | 55.584 | 23.754 | 263.169 |
| Apríl ............... | 183.831 | 79.544 | 50.089 | 313.464 |
| Maí ................ | 183.831 | 72.882 | 37.648 | 294.361 |
| Júní ................ | 183.831 | 75.068 | 19.530 | 278.429 |
| Júlí ................ | 183.831 | 77.503 | 25.297 | 286.631 |
| Ágúst .............. | 183.831 | 82.824 | 24.705 | 291.360 |
| September .......... | 183.831 | 77.521 | 22.185 | 283.537 |
| Október ........... | 183.831 | 74.867 | 33.009 | 291.707 |
| Nóvember .......... | 183.831 | 49.451 | 21.932 | 255.214 |
| Desember ........... | 183.831 | 41.181 | 12.000 | 237.012 |

Hlaupareikningsinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu í árslokin 43,7 millj. kr. og höfðu hækkað um 14,9 millj. kr. á árinu. Nettóaukning skulda ríkissjóðs og ríkisstofnana hefur því numið 6,0 millj. kr. á árinu 1957.

Lán til banka í formi endurkaupa á afurðavíxlum jukust um 41,6 millj. kr. á árinu og námu 457,8 millj. kr. í árslokin. Lán til banka gegn ríkistryggðum verðbréfum námu 41,0 millj. kr. í árslokin og höfðu lækkað um 29,0 millj. kr. frá árinu áður. Beinar reikningsskuldir banka og sparisjóða námu í árslokin 87,7 millj. kr., en innstæður þeirra 53,2 millj. kr. Nettóskuldir þessara aðila námu því alls 533,3 millj. kr. og höfðu hækkað um 47,6 millj. kr. frá árinu áður. Árið 1956 nam hækkun samsvarandi liða 19,1 millj. kr. og 1955 176,9 millj. kr.

**3. tafla. Lán Seðlabankans á hlaupareikningi, skuld Viðskiptabankans, lán gegn verðbréfum og endurkeyptir víxlar í árslok 1955 og 1956 og í hver mánaðarlok 1957.**

| *Í þús. kr.* | *Ríkissjóður og ríkisstofnanir, hlaupareikningsskuldir* | *Hlaupareikningsskuldir banka og sparisjóða* | *Viðskiptab. Skuld* | *Lán gegn verðbréfum* | *Endurkeyptir víxlar* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1955 ............ | 133.094 | 51.171 | 65.790 | — | 377.157 | 627.212 |
| 1956 ............ | 114.690 | 68.296 | — | 70.000 | 416.197 | 669.183 |
| 1957: | | | | | | |
| Janúar ....... | 132.796 | 66.312 | 4.036 | 45.700 | 384.751 | 633.595 |
| Febrúar ...... | 145.693 | 65.467 | 6.641 | 56.700 | 356.303 | 630.804 |
| Marz ......... | 145.292 | 69.291 | — | 56.980 | 408.821 | 680.384 |
| Apríl ......... | 160.420 | 65.192 | — | 35.000 | 457.306 | 717.918 |
| Maí .......... | 176.439 | 71.084 | — | 5.000 | 481.850 | 734.373 |
| Júní ......... | 193.311 | 66.500 | 20.633 | 5.000 | 473.367 | 758.811 |
| Júlí .......... | 219.938 | 69.988 | — | 35.000 | 510.536 | 835.462 |
| Ágúst ........ | 219.126 | 72.441 | — | 5.000 | 518.468 | 815.035 |
| September .... | 197.313 | 73.621 | — | 25.000 | 540.026 | 835.960 |
| Október ...... | 208.508 | 78.722 | — | 20.000 | 543.119 | 850.349 |
| Nóvember .... | 201.035 | 63.636 | — | 41.000 | 521.395 | 827.066 |
| Desember ..... | 135.578 | 87.084 | 629 | 41.000 | 457.796 | 722.087 |

Skuld stofnlánadeildar var í árslokin 63,4 millj. kr., skuldabréf vegna stofnlána 12,1 millj. kr. og stóreignaskattsbréf 13,5 millj. kr., og höfðu þessir liðir lækkað um 6,5 millj. kr. frá fyrra ári. Hins vegar varð aukning á innlendum verðbréfum um 10,7 millj. kr. í 17,9 millj. kr.

Á móti útlánunum eru helztu skuldaliðirnir auk þeirra, sem áður hefur verið drepið á, seðlar í umferð, mótvirðisfé og eigið fé bankans.

Mótvirðisfé ásamt lokuðum reikningum Framkvæmdabankans nam

## 4. tafla. Seðlavelta, meðalseðlavelta og seðlavelta að frádregnum seðlasjóði banka og ríkissjóðs.

| *Í þús. kr.* | *1956* Seðlavelta í mánaðarlok | Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarlok | Meðal-seðlavelta í hverjum mánuði | *1957* Seðlavelta í mánaðarlok | Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarlok | Meðal-seðlavelta í hverju.. mánuði |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Janúar ...... | 285.240 | 271.788 | 297.082 | 320.060 | 304.829 | 327.475 |
| Febrúar ..... | 284.730 | 267.991 | 283.170 | 304.660 | 288.200 | 307.333 |
| Marz ........ | 302.280 | 285.697 | 291.698 | 310.445 | 294.986 | 303.926 |
| Apríl ........ | 314.940 | 297.885 | 307.853 | 322.980 | 306.346 | 317.047 |
| Maí ......... | 332.460 | 315.800 | 322.643 | 344.255 | 328.205 | 329.364 |
| Júní ......... | 335.590 | 319.940 | 332.144 | 349.900 | 334.734 | 339.254 |
| Júlí ......... | 343.370 | 327.064 | 340.454 | 356.355 | 340.678 | 353.713 |
| Ágúst ....... | 350.610 | 334.918 | 343.691 | 360.290 | 343.930 | 353.308 |
| September ... | 349.150 | 334.233 | 347.457 | 367.910 | 352.292 | 361.588 |
| Október ..... | 340.090 | 321.886 | 341.734 | 356.270 | 342.713 | 363.069 |
| Nóvember ... | 334.570 | 322.258 | 331.905 | 357.270 | 341.931 | 354.144 |
| Desember .... | 347.905 | 330.292 | 346.535 | 362.795 | 347.051 | 368.376 |

í árslokin 183,8 millj. kr. og hafði lækkað um 6,6 millj. kr. á árinu. Niðurstöður allra hreyfinga í viðskiptum bankans koma fram sem breytingar á seðlaveltunni, en hún jókst um 14,9 millj. kr., og er það verulega minni aukning en tvö undanfarandi ár. Í janúar lækkaði seðlaveltan og varð lægst 26. febrúar 292.960 þús. kr., en hækkaði síðan allt fram í október, en breyttist lítið úr því. Hæst varð seðlaveltan 4. október 377.810 þús. kr., en í árslokin komst hún niður í 362,8 millj. kr.

**REKSTUR OG HAGUR.** Tekjur Seðlabankans námu 40,1 millj. kr. á árinu 1957 á móti 35,3 millj. kr. árið áður. Af tekjunum voru vextir og forvextir 39,4 millj. kr. (1956: 34,5) og ýmsar tekjur og vaxtayfirfærsla 0,7 millj. kr. (0,6). Gjöldin námu 28,9 millj. kr. á móti 24,6 millj. kr. árið áður. Þar af voru útborgaðir vextir 14,2 millj. kr. (10,8), vextir af eigin fé 5,7 millj. kr. (5,0), kostnaður við rekstur 8,3 millj. kr. (8,2), vextir af stofnfé 180 þús. kr. og kostnaður við seðlagerð 555 þús. kr. Tekjuafgangur varð 11,2 millj. kr. á móti 10,7 millj. kr. árið áður og óráðstafað frá fyrra ári 870 þús. kr.

Varasjóðurinn verður þá að viðbættum vöxtum og ráðstöfun 109,0 millj. kr., en allt eigið fé bankans hækkar úr 148,6 millj. kr. í 164,9 millj. kr. eða alls um 16,3 millj. kr. á árinu.

**VEÐDEILDIN.** Á síðastliðnu vori voru sett ný lög um lánveitingar til íbúðabygginga o. fl. Samkvæmt lögum þessum var stofnaður byggingarsjóður ríkisins, er lýtur stjórn húsnæðismálastjórnar, og er hlutverk hans að standa straum af lánveitingum og framkvæmdum til lausnar húsnæðisvandamálunum. Stofnfé byggingarsjóðs er a) varasjóður hins almenna veðlánakerfis, b) hrein eign Lánadeildar smáíbúða og c) tveir þriðju hlutar væntanlegs stóreignaskatts. Byggingarsjóður er í vörzlu veðdeildarinnar, og hefur reikningum deildarinnar verið breytt, svo að greinilega komi fram hrein eign hans í árslok, en hún nam þá 71,1 millj. kr.

Heildarniðurstöðutala efnahagsreiknings veðdeildarinnar nam í árslokin 256,5 millj. kr. á móti 187,9 millj. kr. árið áður. Lánveitingar úr íbúðalánaflokkum námu alls á árinu 45.670 þús. kr. á móti 63.655 þús. kr. árið 1956.

Bankavaxtabréf í umferð voru 165,5 millj. kr. í árslok á móti 122,6 millj. kr. í ársbyrjun.

**STOFNLÁNADEILD SJÁVARÚTVEGSINS.** Í árslok 1957 nam skuld deildarinnar við Seðlabankann 63,1 (65,4) millj. kr. og auk þess skuldbindingar ríkissjóðs vegna vangreiddra afborgana stofnlánadeildarlána að upphæð 0,4 (2,0) millj. kr. Við þá upphæð er þó það að athuga, að veittur hefur verið gjaldfrestur á afborgunum báta og togara af A-lánum, sem greiðast áttu 1. nóvember 1957. Hér er ekki meðtalin skuld ríkissjóðs vegna stofnlána, sem veitt voru, eftir að fé deildarinnar var þrotið, og ekki heldur skuld á hlaupareikningi vegna kaupa á „nýju“ togurunum. Þessar skuldir námu í árslokin 36,8 (38,2) millj. kr. Engin lán voru veitt á árinu. Eftirstöðvar A-lána námu 54,2 (57,5) millj. kr. og B-lána 7,4 (8,2) millj. kr. Stofnlánadeildarbréf í umferð námu í árslokin 1,9 (2,2) millj. kr.

Rekstrarhagnaður stofnlánadeildarinnar varð mjög lítill eða 166,1 þús. kr. (190,6) þrátt fyrir lítinn kostnað við rekstur og aðeins 2,4% vexti af skuld við Seðlabankann. Hagnaðinum var varið til afskrifta á töpuðum lánum. Þrátt fyrir þessar afskriftir námu óafskrifuð töp af lánum 730 þús. kr. í árslok. Hætta er á stórauknum töpum stofnlánadeildarinnar á næstu árum vegna rýrnandi veða. Samkvæmt lögum hafa verið veitt fjölda mörg veðleyfi til að setja nýjar vélar í skip o. fl., og enn fremur hafa hvað eftir annað með lögum verið gefnar eftir afborganir stofnlánadeildarlána.

# 1957

## Efnahagur Seðlabankans

| | EIGNIR | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Gulleign | 5 730 734 | 83 |
| 2. | Inneign hjá erlendum bönkum: | | |
| | a) Frjálsir reikningar ... kr. 21.394.311,16 | | |
| | b) Vöruskiptareikningar ... — 18.494.142.10 | 39 888 453 | 26 |
| 3. | Erlend verðbréf | 96 311 725 | 42 |
| 4. | Víxlar og ávísanir til greiðslu erlendis | 103 223 458 | 98 |
| 5. | Ríkissjóður og ríkisstofnanir: | | |
| | a) Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs ... kr. 33.511.433,33 | | |
| | b) Ýmsir reikningar ... — 85.986.532,65 | | |
| | c) Lán til ríkissj. vegna Alþjóðabanka og Alþjóðagjaldeyrissjóðs ... — 15.040.000,00 | | |
| | d) Ríkissjóður vegna vangreiddra afborgana af stofnlánadeildarlánum ... — 1.040.248,00 | 135 578 213 | 98 |
| 6. | Skuldabréf ríkissjóðs vegna stofnlána útvegsins | 12 112 675 | 00 |
| 7. | Innlend verðbréf | 5 762 548 | 50 |
| 8. | Bankavaxtabréf | 12 160 000 | 00 |
| 9. | Stóreignaskattsbréf (skv. l. nr. 22/1950) | 13 477 162 | 17 |
| 10. | Lán veitt bönkum gegn ríkistryggðum verðbréfum: | | |
| | a) Viðskiptabankanum ... kr. 20.000.000,00 | | |
| | b) Búnaðarbankanum ... — 21.000.000,00 | 41 000 000 | 00 |
| 11. | Endurkeyptir víxlar: | | |
| | a) Frá Viðskiptabankanum ... kr. 388.847.907,46 | | |
| | b) Frá Útvegsbankanum ... — 68.747.500,00 | | |
| | c) Aðrir víxlar ... — 201.000,00 | 457 796 407 | 46 |
| 12. | Lán til innlendra banka og sparisjóða | 87 713 007 | 93 |
| 13. | Skuld stofnlánadeildarinnar | 63 446 607 | 10 |
| 14. | Bankabyggingar með búnaði | 1 | 00 |
| 15. | Tékkar á innlenda banka | 29 158 232 | 58 |
| 16. | Ýmsir skuldunautar | 298 772 | 95 |
| 17. | Ógreiddir vextir | 616 753 | 09 |
| 18. | Peningar í sjóði | 31 176 | 05 |
| | Kr. | 1 104 305 930 | 30 |

# 31. desember 1957.

| | SKULDIR | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Seðlar í umferð ............................ | | 362 795 000 | 00 |
| 2. | Innstæðufé banka og sparisjóða: | | | |
| | a) Almennar innstæður .................... | kr. 41.180.812,50 | | |
| | b) Lokaður reikningur ...................... | — 71.316.413,66 | | |
| | c) Skuldagreiðslureikningur ................ | — 50.000.000,00 | 162 497 226 | 16 |
| 3. | Innstæða ríkissjóðs og ríkisstofnana í hlaupareikn. | | 43 735 118 | 12 |
| 4. | Mótvirðissjóður ............................ | | 62 514 782 | 47 |
| 5. | Skuld við erlenda banka: | | | |
| | a) Frjálsir reikningar ...................... | kr. 118.826.894,38 | | |
| | b) Vöruskiptareikningar .................... | — 37.991.974,12 | 156 818 868 | 50 |
| 6. | Inneign erlendra viðskiptamanna í hlaupareikningi | | 29 551 863 | 48 |
| 7. | Innstæðufé vegna skuldar við E.P.U. ............ | | 86 949 352 | 30 |
| 8. | Innstæða Viðskiptabankans vegna innheimtu ...... | | 12 000 000 | 00 |
| 9. | Inneign veðdeildarinnar ........................ | | 13 256 808 | 79 |
| 10. | Ýmsir skuldheimtumenn ....................... | | 5 546 366 | 68 |
| 11. | Fyrir fram greiddir vextir ..................... | | 3 719 421 | 99 |
| 12. | Stofnfé ........................................ | | 4 800 000 | 00 |
| 13. | Varasjóður ..................................... | | 109 000 000 | 00 |
| 14. | Afskriftareikningur ............................ | | 11 500 000 | 00 |
| 15. | Gengisreikningur ............................... | | 20 327 090 | 87 |
| 16. | Húsbyggingarsjóður ............................ | | 19 000 000 | 00 |
| 17. | Óráðstafaður tekjuafgangur: | | | |
| | a) Frá árinu 1956 ........................ | kr. 870.162,93 | | |
| | b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1957 ........ | — 11.213.368,01 | | |
| | | kr. 12.083.330,94 | | |
| | Frá dregst: | | | |
| | a) Fært á afskriftareikning kr. 60.000,00 | | | |
| | b) Lagt í varasjóð ........ — 8.120.000,00 | | | |
| | c) Lagt í húsbyggingarsjóð . — 3.609.500,00 | — 11.789.500,00 | 294 030 | 94 |
| | | Kr. | 1 104 305 930 | 30 |

Reykjavík, 14. febrúar 1958.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn

Framkvæmdastjórnin:

*Vilhjálmur Þór* *Jón G. Maríasson*

LANDSBANKI ÍSLANDS

## Rekstrarreikningur Seðla-

| | GJÖLD | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Útborgaðir vextir á árinu .......... kr. 14.149.492,42<br>Að viðbættum vöxtum af eigin fé .... — 5.717.719,10 | 19 867 211 | 52 |
| 2. | Kostnaður við rekstur bankans ...... kr. 8.270.623,52<br>Kostnaður við seðlagerð .......... — 555.096,10 | 8 825 719 | 62 |
| 3. | Vextir af stofnfé .............................. | 180 000 | 00 |
| 4. | Rekstrarhagnaður ............................ | 11 213 368 | 01 |
| | Kr. | 40 086 299 | 15 |

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Guðbrandur Magnússon.* *Jón Kjartansson.*

## bankans árið 1957.

| | TEKJUR | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Vaxtayfirfærsla frá fyrra ári .................. | | 374 890 | 22 |
| 2. | Innborgaðir vextir og forvextir .... | kr. 42.477.077,78 | | |
| | Þar af tilheyrandi næsta ári ........ | — 3.719.421,99 | | |
| | | kr. 38.757.655,79 | | |
| | Ógreiddir vextir ................. | — 616.753,09 | 39 374 408 | 88 |
| 3. | Ýmsar tekjur ............................ | | 337 000 | 05 |
| | | Kr. | 40 086 299 | 15 |

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 3. marz 1958.

*Hermann Jónasson,*
forsætisráðherra.

## LANDSBANKI ÍSLANDS

# Efnahagur veðdeildarinnar

| | EIGNIR | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Skuldabréf fyrir lánum: | | | |
| | a. Veðdeildarlán .......................... | kr. 30.212.759,66 | | |
| | b. A-lán .................................. | — 89.433.721,94 | | |
| | c. B-lán (vísitölulán) ..................... | — 43.443.726,90 | | |
| | d. Smáíbúðalán ........................... | — 31.843.806,17 | | |
| | e. Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða .. | — 8.062.412,75 | 202 996 427 | 42 |
| 2. | Verðbréf: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ....................... | kr. 9.700,00 | | |
| | b. Byggingarsjóður ríkisins ................. | — 27.782.000,00 | | |
| | c. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .. | — 2.245.295,21 | 30 036 995 | 21 |
| 3. | Inneign hjá Landsbankanum: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ....................... | kr. 5.073.620,79 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 8.183.188,00 | 13 256 808 | 79 |
| 4. | Innstæða á hlaupareikningi: | | | |
| | a. Lánadeild smáíbúða ..................... | kr. 103.229,41 | | |
| | b. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .. | — 2.753.439,43 | 2 856 668 | 84 |
| 5. | Ógreiddir vextir af verðbréfum: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ....................... | kr. 450,00 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 1.599.366,67 | 1 599 816 | 67 |
| 6. | Ógreiddir vextir og varasjóðsgj. af lánum: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ....................... | kr. 742.897,52 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 3.903.751,82 | | |
| | c. Lánadeild smáíbúða ...................... | — 837.416,44 | | |
| | d. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .. | — 204.231,18 | 5 688 296 | 96 |
| 7. | Ógreitt vísitöluálag vegna íbúðalánaflokka ........ | | 62 619 | 94 |
| | | Kr. | 256 497 633 | 83 |

## 31. desember 1957.

| | SKULDIR | | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Bankavaxtabréf í umferð: | | | | |
| | a. Veðdeildarbréf | kr. | 30.354.500,00 | | |
| | b. Íbúðalánabréf | — | 90.230.000,00 | | |
| | c. Vísitölubréf | — | 44.898.000,00 | 165 482 500 | 00 |
| 2. | Ógreiddir vextir af bankavaxtabréfum: | | | | |
| | a. Veðdeildarbréf | kr. | 939.812,75 | | |
| | b. Íbúðalánabréf | — | 8.828.845,00 | 9 768 657 | 75 |
| 3. | Ógreiddar vísitöluuppbætur | | | 176 821 | 60 |
| 4. | Ógreiddir vextir af láni Atvinnuleysistryggingasjóðs | | | 209 028 | 00 |
| 5. | Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna íbúðarlánafl | | | 5 000 000 | 00 |
| 6. | Varasjóður veðdeildar: | | | | |
| | a. Frá fyrra ári | kr. | 4.603.132,80 | | |
| | b. Samkvæmt rekstrarreikningi | — | 141.982,42 | 4 745 115 | 22 |
| 7. | Varasjóður Byggingarsjóðs ríkisins: | | | | |
| | a. Frá fyrra ári (varasjóður hins almenna veðlánakerfis) | kr. | 20.858.616,00 | | |
| | b. Rekstrarhagnaður íbúðalánaflokka | — | 1.769.005,84 | | |
| | c. Rekstrarhagnaður vegna lána til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis | — | 482.889,27 | | |
| | d. Innkomin eldri lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúða | — | 320.548,13 | | |
| | e. Framlag ríkissjóðs vegna lána til útrýmingar heilsuspillandi íbúða | — | 2.000.000,00 | | |
| | f. Framlag ríkissjóðs í íbúðalánabréfum | — | 11.300.000,00 | | |
| | g. Eignir Lánadeildar smáíbúða: | | | | |
| | Höfuðstóll frá fyrra ári .. kr. 32.815.661,50 | | | | |
| | Óráðstafað frá fyrra ári . — 317.697,16 | | | | |
| | Rekstrarhagnaður ...... — 1.651.093,36 | — | 34.784.452,02 | | |
| | | kr. | 71.515.511,26 | | |
| | h. Framlag til Húsnæðismálastofnunar ríkisins | — | 400.000,00 | 71 115 511 | 26 |
| | | | Kr. | 256 497 633 | 83 |

Reykjavík, 14. febrúar 1958.
Landsbanki Íslands, Seðlabankinn

Framkvæmdastjórnin:

*Vilhjálmur Þór* *Jón G. Maríasson*

# Rekstrarreikningur

| | GJÖLD | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Ógreiddir vextir og varasjóðsgjöld 1. janúar 1957: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ........................ | kr. 792.233,56 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 1.498.045,52 | | |
| | c. Lánadeild smáíbúða ........................ | — 744.448,69 | | |
| | d. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .. | — 27.666,67 | 3 062 394 | 44 |
| 2. | Vextir af bankavaxtabréfum: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ........................ | kr. 1.324.086,00 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 6.363.420,00 | | |
| | | kr. 7.687.506,00 | | |
| | Ógreiddir vextir 31. des. 1957: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ........................ | — 939.812,75 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 8.828.845,00 | 17 456 163 | 75 |
| 3. | Vextir af skuldabréfum Lánadeildar smáíbúða .... | | 118 760 | 00 |
| 4. | Vextir af skuld veðdeildarflokka við Landsb. Íslands | | 3 059 | 94 |
| 5. | Vextir af innleystum bréfum veðdeildarflokka .... | | 1 489 | 20 |
| 6. | Endurgreiddir vextir vegna Lánadeildar smáíbúða .. | | 94 | 88 |
| 7. | Vextir af verðbr. v/lána til útrým. heilsusp. íbúða .. | | 128 333 | 33 |
| 8. | Ógreitt vísitöluálag 1. jan. 1957 v/íbúðalánaflokka | | 12 078 | 10 |
| 9. | Vísitöluálag íbúðalánaflokka á árinu . | kr. 70.640,35 | | |
| | Ógreitt vísitöluálag 31. des. 1957 .... | — 176.821,60 | 247 461 | 95 |
| 10. | Kostnaður við rekstur: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ........................ | kr. 239.700,00 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 315.000,00 | | |
| | c. Lánadeild smáíbúða ........................ | — 199.698,78 | | |
| | d. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .... | — 50.000,00 | 804 398 | 78 |
| 11. | Ógr. vextir af láni Atvinnuleysistr.sj. v/íbúðalána .. | | 209 028 | 00 |
| 12. | Rekstrarhagnaður: | | | |
| | a. Veðdeildarflokkar ........................ | kr. 141.982,42 | | |
| | b. Íbúðalánaflokkar ........................ | — 1.769.005,84 | | |
| | c. Lánadeild smáíbúða ........................ | — 1.651.093,36 | | |
| | d. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .... | — 482.889,27 | 4 044 970 | 89 |
| | | Kr. | 26 088 233 | 26 |

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

*Guðbrandur Magnússon.* *Jón Kjartansson.*

## veðdeildarinnar árið 1957.

| | TEKJUR | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Ógreiddir vextir af bankavaxtabréfum 1. jan. 1957:<br>a. Veðdeildarbréf ........................ kr. 925.275,25<br>b. Íbúðalánabréf ........................ — 5.622.045,00 | 6 547 320 | 25 |
| 2. | Ógreiddar vísitöluuppbætur 1. jan. 1957 .......... | 78 524 | 21 |
| 3. | Ógreiddir vextir af skuldum Lánadeildar smáíbúða | 118 760 | 00 |
| 4. | Vextir og varasjóðsgjöld:<br>a. Veðdeildarflokkar ........................ kr. 1.588.966,87<br>b. Íbúðalánaflokkar ........................ — 5.377.511,03<br>c. Lánadeild smáíbúða ........................ — 1.734.800,23<br>d. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .... — 90.416,68<br>kr. 8.791.694,81<br>Ógr. vextir og varasjóðsgj. 31. des. 1957:<br>a. Veðdeildarflokkar ........................ — 742.897,52<br>b. Íbúðalánaflokkar ........................ — 3.903.751,82<br>c. Lánadeild smáíbúða ........................ — 837.416,44<br>d. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .... — 204.231,18 | 14 479 991 | 77 |
| 5. | Vextir af útgefnum bankavaxtabréfum:<br>a. Veðdeildarflokkar ........................ kr. 6.051,35<br>b. Íbúðalánaflokkar ........................ — 1.329.171,56 | 1 335 222 | 91 |
| 6. | Lántökugjöld:<br>a. Veðdeildarflokkar ........................ kr. 4.350,00<br>b. Íbúðalánaflokkar ........................ — 456.700,00 | 461 050 | 00 |
| 7. | Dráttarvextir og umboðslaun:<br>a. Veðdeildarflokkar ........................ kr. 59.511,30<br>b. Íbúðalánaflokkar ........................ — 54.584,06<br>c. Lánadeild smáíbúða ........................ — 23.119,04<br>d. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .... — 54,70 | 137 269 | 10 |
| 8. | Vextir af verðbréfum:<br>a. Veðdeildarflokkar ........................ kr. 726,00<br>b. Byggingarsjóður ríkisins ........................ — 2.149.184,42<br>c. Vegna lána til útr. heilsuspillandi íbúða .... — 243.833,33 | 2 393 743 | 75 |
| 9. | Vextir af stóreignaskattsbréfum:<br>a. Vegna lána til útrýmingar heilsuspillandi íbúða ............ | 108 921 | 23 |
| 10. | Vextir af innst. hjá Landsbanka Íslands:<br>a. Veðdeildarflokkar ........................ kr. 107.570,08<br>b. Íbúðalánaflokkar ........................ — 90.291,56 | 197 861 | 64 |
| 11. | Endurgr. vextir af bankavaxtabr. veðdeildarfl. .... | 7 015 | 50 |
| 12. | Vextir af innst. á hlr. v/lána til útrým. heilsusp. íbúða | 41 432 | 15 |
| 13. | Vísitöluálag á árinu v/íbúðalánafl. .. kr. 118.500,81<br>Ógreitt vísitöluálag 31. des. 1957 .... — 62.619,94 | 181 120 | 75 |
| | Kr. | 26 088 233 | 26 |

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 3. marz 1958.

*Hermann Jónasson,*
forsætisráðherra.

LANDSBANKI ÍSLANDS

## Efnahagur stofnlánadeildar

| | EIGNIR | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Skuldabréf fyrir lánum: | | | |
| | A-lán | kr. 54.209.393,85 | | |
| | B-lán | — 7.384.931,85 | 61 594 325 | 70 |
| 2. | Ógreiddir vextir | | 1 086 078 | 32 |
| 3. | Verðbréf skuldaskilasjóðs o. fl. | | 1 998 029 | 26 |
| 4. | Ýmsir skuldunautar | | 196 603 | 71 |
| 5. | Tap á lánum (óafskrifað) | kr. 894.311,54 | | |
| | ÷ Afskrifað 31. des. 1957 | — 164.311,54 | 730 000 | 00 |
| | | Kr. | 65 605 036 | 99 |

# sjávarútvegsins 31. desember 1957.

| | SKULDIR | | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Stofnlánadeildarbréf í umferð: | | | | |
| | a. 4% til 15 ára 1946, nafnverð ............ | kr. | 1.140.000,00 | | |
| | b. 4% til 15 ára 1949, nafnverð ............ | — | 627.000,00 | | |
| | c. 3% til 5 ára (seld með vöxtum dregnum frá nafnverði), nafnverð ................ | — | 137.500,00 | 1 904 500 | 00 |
| 2. | Skuld við Seðlabankann ............ | kr. | 63.055.692,10 | | |
| | Að viðbættri skuldbindingu ríkissjóðs vegna vangreiddra afborgana af A-lánum 31. des. 1957 ............ | — | 390.915,00 | 63 446 607 | 10 |
| 3. | Fyrir fram greiddir vextir .................... | | | 183 391 | 93 |
| 4. | Ýmsir skuldheimtumenn ........................ | | | 61 144 | 79 |
| 5. | Óráðstafaður tekjuafgangur: | | | | |
| | a. Frá árinu 1956 ......................... | kr. | 7.607,68 | | |
| | b. Samkvæmt rekstrarreikningi 1957 ........ | — | 166.097,03 | | |
| | | kr. | 173.704,71 | | |
| | c. Afskrifað 31. desember 1957 ............. | — | 164.311,54 | 9 393 | 17 |
| | | | Kr. | 65 605 036 | 99 |

Reykjavík, 14. febrúar 1958.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn

Framkvæmdastjórnin:

*Vilhjálmur Þór* *Jón G. Maríasson*

## Rekstrarreikningur stofnlánadeildar

| | GJÖLD | Kr. | aur |
|---|---|---|---|
| 1. | Ógreiddir vextir af lánum 1. janúar 1957 ........ | 966 343 | 86 |
| 2. | Innleystir vaxtamiðar ........................ | 103 373 | 90 |
| 3. | Vextir af skuld við Seðlabankann ............. | 1 541 451 | 60 |
| 4. | Kostnaður við rekstur ........................ | 86 772 | 92 |
| 5. | Tekjuafgangur ................................ | 166 097 | 03 |
| | Kr. | 2 864 039 | 31 |

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

*Guðbrandur Magnússon.* *Jón Kjartansson.*

# sjávarútvegsins árið 1957.

| | TEKJUR | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| 1. | Fyrir fram greiddir vextir af stofnlánabréfum 1. jan. 1957 .................................. | 165 754 | 93 |
| 2. | Innborgaðir vextir og dráttarvextir af lánum ......................... kr. 1.795.597,99<br>Tilheyrandi næsta ári:<br>Fyrir fram greiddir vextir af lánum ........ kr. 115.211,93<br>Óinnleystir vaxtamiðar — 68.180,00 — 183.391,93<br>kr. 1.612.206,06<br>Ógreiddir vextir:<br>Af lánum ...................... — 1.046.835,89<br>Af 4% skuldabréfum skuldaskilasjóðs — 39.242,43 | 2 698 284 | 38 |
| | Kr. | 2 864 039 | 31 |

Með skírskotun til framanskráðrar yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 3. marz 1958.

*Hermann Jónasson,*
forsætisráðherra.

# Þróun peningamála 1955–1957

LÍNURIT




*Seðlavelta.*

*Aðstaða bankanna gagnvart útlöndum.*




*Aðstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum.*






*Endurkeyptir víxlar í Seðlabankanum.*




*Aðstaða banka og annarra peningastofnana gagnvart Seðlabankanum.*

*Heildarútlán bankanna.*






*Veltiinnlán í bönkunum að frádregnu mótvirðisfé.*




*Spariinnlán í bönkunum.*